**Umhverfisstofnun**
Environment Agency of Iceland
Suðurlandsbraut 24
IS - 108 Reykjavík
Tel: +354 591-2000
Fax: +354 591-2020
www.umhverfisstofnun.is
ust@umhverfisstofnun.is

Landmótun
Yngvi Þór Loftsson
Hamraborg 12
200 Kópavogur

Umhverfisstofnun
Áb.
- 8. sep. 2011
10.4.2
Tilv.

UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 6. september 2011
Tilvísun: UST20110700018/ksj

**Tillaga að breytingu á Aðalskipulagi Tálknafjarðar 2006- 2018, skipulagslýsing og matslýsing.**

Vísað er til erindis Landmótunar dags. 15.06. 2011 þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um skipulagslýsingu og matslýsingu er varðar tillögu að breytingu á Aðalskipulagi Tálknafjarðar 2006 – 2018.

**Drög að lýsingu á skipulagsverkefni og matslýsing.**

Tálknafjarðarhreppur vinnur nú að breytingum á aðalskipulagi sem er í tveimur liðum. Í fyrsta lagi afmörkun borholu fyrir fyrirhugaða hitaveitu fyrir þorpið á Tálknafirði ásamt hitaveitulögn. Borun eftir jarðhita er tilkynningaskyld framkvæmd skv. 2. mgr. lið ii í 2. viðauka laga nr. 106/2000. Í öðru lagi felst breyting á aðalskipulagi Tálknafjarðarhrepps á í stækkun vatnsverndarsvæðis fyrir Tálknafjörð.

**Frágangur á núverandi hitalögn**

Umhverfisstofnun bendir á að frágangur við eldri hitaveitulagnir sé slæmur og víða megi telja þessar lagnir til lýta. Að mati Umhverfisstofnunar væri það kostur ef unnt er að bæta úr því samfara lagningu nýrrar leiðslu.

Umhverfisstofnun gerir ekki aðrar athugasemdir við ofangreint erindi.

Virðingarfyllst

Ólafur A Jónsson
Sviðsstjóri

Kristín S Jónsdóttir

Skipulagsstofnun